

## **36. stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyri 19. júní 2009 að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri.**

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Stuðningur Vesturlandsskóga við 25 km girðingu á Skógarströnd, sem friða mun a.m.k. 2.000 ha og um hefur verið stofnað Landgræðslufélag Skógarstrandar. Innan girðingar verða skógræktarlönd á jörðunum Hálsi, Breiðabólstað, Setbergi og Vörðufelli.
3. Ársreikningur Vesturlandsskóga 2008 kynntur.
4. Afgreiðsla viðbótarfjárveitingar 2009.
5. Athugasemdir Vesturlandsskóga við aðalskipulagstillögu fyrir Borgarbyggð. Einnig mætti ræða, ef áhugi er á því, áður sendar athugasemdir Vesturlandsskóga við aðalskipulagstillögu fyrir Hvalfjarðarsveit.
6. Heimtur plantna frá framleiðendum.
7. Sigríður Júlía kvödd.
8. Önnur mál.

Mættir: Stjórnarmennirnir, Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl.13.45

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt, án athugasemda.
2. Sigvaldi gerði grein fyrir vinnu við að koma upp girðingu á Skógarströnd sem mun m.a. verja skógræktarsvæði jarðanna Háls, Setbergs, Breiðabólstaðar og Vörðufells. Sigvalda var falið að vinna að málinu áfram með hlutaðeigandi jarðareigendum og í samráði við lögmann Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytisins.
3. Ársreikningur Vesturlandsskóga fyrir árið 2008 kynntur. Reikningurinn er ekki endurskoðaður. Frekari skýring vantar við reikninginn. Reikningurinn verður tekinn fyrir á næsta fundi.
4. Viðbótarfjárveitingin uppá 4 milj. Verður greidd fljótlega.
5. Athugasemdir framkvæmdastjóra, sem hann hefur skrifað fyrir hönd Vesturlandsskóga, við aðalskipulagstillögu Borgararbyggðar var samþykkt.
6. Rætt var um skil á plöntum frá framleiðendum. Veruleg vanhöld hafa verið á afhendingu plantna frá Garðyrkjustöðinni Lágafelli. Ákveðið var að Sigvaldi tæki út í haust hvernig staðan væri á Lágafelli með ræktum fyrir árið 2010. Verði vandkvæði á að stöðin geti uppfyllt samning fyrir árið 2010 verða samningar við stöðina endurskoðaðir.
7. Sigríður Júlía hættir hjá Vesturlandsskógum um næstu mánaðamót og fer til framhaldsnáms í Noregi. Vesturlandsskógar þakka Sigríði Júlíu fyrir góð störf og vonast til að njóta starfskrafta hennar að námi loknu.

8. Önnur mál. Næsta vetur er komið að Vesturlandsskógum að halda fagráðstefnu í skógrækt. Sigvalda var falið að vinna að undirbúningi í samstarfi við samstarfsaðila. Þórarinn spurði hvort áhugi væri hjá stjórn Vesturlandsskóga á að taka þátt í ferð með félagi skógarbænda um Hvalfjarðarsvæðið. Samþykkt var að Þórarinn, ásamt Guðmundi, skipulegði eins dags ferð til skógarbænda á því svæði fyrir stjórnarmenn ásmat skógarbændum.

Fundi slitið kl. 15.50

---

Guðmundur Sigurðsson  
fundarritari